

Á tveggja ára fresti leggur gæðastjóri fram tillögu á fundi gæðaráðs varðandi æskilegan fjölda úttektarmanna hjá stofnuninni, til næstu tveggja ára. Hann leggur fram tillögur að úttektamönnum. Gæðaráð getur einnig sett fram eigin tillögur.

Gæðaráð metur hæfni starfsmanna og tilnefnir úttektamenn til tveggja ára í senn.

Við mat á úttektarmönnum þarf að hafa í huga persónulega eiginleika og þekkingu.

- Úttektamaður þarf að þekkja vel gæðahandbók og gæðakerfi MAST m.a. forgangsröðun tilvísandi gagna (SSK-VRF-VLY-GAT-EBL-LBE)
- Úttektamaður þarf að þekkja grundvallaratriði aðferðafræði við innri úttektir á opinberu eftirliti með matvælum, fóðri, heilbrigði og velferð dýra.

Gæðaráð ber ábyrgð á að þeir sem tilnefndir eru sem úttektamenn hljóti nauðsynlega fræðslu/kennslu í gæðahandbók, úttektakerfi MAST og í framkvæmd úttekta. Gæðaráð skal yfirfara reglulega þjálfunaráætlun úttektamanna og getur jafnframt sett nánari kröfur fyrir úttektamenn.

Kennsla í úttektum og á úttektakerfi er framkvæmd af gæðastjóra, öðrum starfsmönnum Samhæfingar eða af utanaðkomandi aðila.

Úttektaþjálfun og reynslu skulu þeir fá undir leiðsögn og handleiðslu úttektaaðila. Til að öðlast færni við framkvæmd úttekta þarf úttektamaður að taka út mismunandi lögbundnar kröfur/ferla og gera úttekt með reglulegu millibili.

Gæðastjóri ákveður úttektaverkefni úttektamanna, þó þannig að þeir taki aldrei út eigin verk.

Sjá yfirlit yfir úttektamenn í [LST-037](#) Yfirlit yfir úttektamenn.